

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi, Norður-Brekka – neðri hluti.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar hefur þann 12. ágúst 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Munkaþverárstræti 11.

Breytingin felur í sér 24 m² viðbyggingu á vesturhlíð hússins innan núverandi byggingarreits ásamt stækkun á kvisti, vestan og austan mænis. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,420 í 0,503.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 14. ágúst 2020,

Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 27. ágúst 2020